

Heilsugæslulæknar og sjúklingatrygging

Fyrirspurn FÍH og svar Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins

Bréf FÍH

Þann 5. desember síðastliðinn sendi stjórn Félags íslenskra heimilislækna eftirfarandi bréf til Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins:

„Með vísan til 1. gr. 3. mgr. reglugerðar um váttryggingu þeirra sem veita heilbrigðisþjónustu samkvæmt lögum nr. 111/2000 um sjúklingatryggingu óskar undirritaður eftir því f.h. Félags íslenskra heimilislækna, að ráðuneytið skeri úr um það hvort verk heilsugæslulækna, sem starfa á heilsugæslustöðvum í eigu ríkisins og greiðast af sjúklingum skv. gjaldskrá heilsugæslulækna (hluti af úrskurði Kjaranefndar um launakjör heilsugæslulækna), geri þá váttryggingaskylda skv. lögum um sjúklingatryggingar.

Undirritaður kýs að fá formlegt svar við spurningu þessari frá háttvirtu ráðuneyti við fyrstu hentugleika,- þótt ég telji líklegt að váttryggingaskylda sé ekki fyrir hendi í þessu tilviki.

Virðingarfyllt

F.h. Félags íslenskra heimilislækna

Þórir B. Kolbeinsson, formaður“

Svar ráðuneytisins

Svar við ofangreindri fyrirspurn barst FÍH með bréfi dagsettu 27. desember 2000. Það er svohljóðandi:

„Vísað er til bréfs Félags íslenskra heimilislækna, dags. 5. desember 2000, þar sem spurst er fyrir um sjúklingatryggingu heilsugæslulækna sem starfa á heilsugæslustöðvum í eigu ríkisins.

Ráðuneytið telur að heilsugæslulæknar sem starfa á heilsugæslustöðvum, sem bera tjón í eigin áhættu samkvæmt 11. gr. laga nr. 111/2000 um sjúklingatryggingu, eða á þeirra vegum starfi á ábyrgð heilsugæslustöðvanna. Er heilsugæslulæknum ekki skylt að vera með sjúklingatryggingu vegna starfa þessara.

f.h.r.

Vilborg Þ. Hauksdóttir“